

Aftenposten Innsikt biðst afsökunar á mistökum og skorti á andsvörum í febrúarútgáfu

Aftenposten Innsikt birti grein um spillingu á Íslandi í febrúarútgáfu sinni. Þar var meðal annars fjallað um Fishrot-málið svokallaða, sem snýr að íslenska útgerðarfélaginu Samherja. Í greininni var ekki jafnvægi í framsetningu og frásögn, þeim sem var til umfjöllunar var ekki gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri auk þess sem fjöldi rangfærslu var í greininni.

Misbrestur í innri verkferlum Aftenposten leiddi til þess að Samherja var ekki gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í greininni um þau atriði sem lutu beint að fyrirtækinu, þvert á þær starfsreglur sem gilda um fjölmiðla. Í greininni var ekki minnst á árangurslausar tilraunir ritstjóra til að ná í Samherja með tölvupósti. Tvær fyrirspurnir reyndust hafa verið sendar á tölvupóstfang sem er ekki til hjá Samherja-samstæðunni. Af óþekktum ástæðum bárust ekki upplýsingar um að tölvupósturinn hafi ekki borist móttakanda. Þótt að í greininni hafi sums staðar verið vísað til fyrri yfirlýsingar Samherja um málið getur það ekki á neinn hátt talist fullnægjandi.

Greinin hafði að geyma fjölda staðhæfinga og ekki kom nægilega vel fram að umræddar staðhæfingarnar væru einhliða frásögn uppljóstrarans Jóhannesar Stefánssonar af málsatvikum. Það kom heldur ekki fram að málið sé til rannsóknar á Íslandi og að ekki fáist niðurstaða fyrr en því ljúki með endanlegum dómi eða niðurfellingu. Nokkrir einstaklingar hafa stöðu sakbornings en engin ákæra hefur verið gefin út á Íslandi. Hvorki einstaklingar né fyrirtæki samstæðu Samherja eiga aðild að sakamálinu í Namibíu.

Aftenposten Innsikt hefur enga stoð fyrir þeirri fullyrðingu að Jóhannes Stefánsson hafi komið fram „fyrir hönd“ Samherja í mótumáli til manna í Namibíu né að samningur um eitthvað slíkt hafi verið gerður á milli Samherja og namibískra aðila. Um er að ræða ásakanir Jóhannesar Stefánssonar sem eru tilefni yfirstandandi rannsóknar og Samherji vísar því á bug að Jóhannes hafi gert nokkuð slíkt í umboði fyrirtækisins. Þetta hefði átt að koma skýrt fram í greininni.

Í myndatexta í greininni kom fram að Jóhannes Stefánsson hafi lekið umræddum skjölum til Wikileaks á meðan hann starfaði hjá Samherja. Þetta er rangt. Hann lét af störfum hjá fyrirtækinu árið 2016 en lekinn varð árið 2019.

Á nokkrum stöðum í greininni er vísað til „mútusamnings fyrirtækisins“ eða álíka. Norskir lögmenn Samherja hjá Wikborg Rein hafa bent Aftenposten Innsikt á að í rannsókn sinni á málinu hafi ekki fundist nein skjöl sem styðji þetta. Þá hefur sakamálarannsókn á Íslandi heldur ekki leitt í ljós neina „mútusamninga“.

Í lýsingu á sáttgreiðslu (ranglega nefnt „sekt“) sem lögð var á DNB af norska fjármálaeftirlitinu vegna „verulegra annmarka á fylgni við lög gegn peningþvætti“ hefði átt að taka fram að umrædd sáttgreiðsla tengdist ekki viðskiptasambandi DNB við Samherja, því málið var fyrnt. Í ákvörðun sinni um sáttgreiðsluna frá apríl 2021 nefndi norska fjármálaeftirlitið hins vegar sérstaklega samband [bankans] við Samherja, sem að mati norska eftirlitsins hefði verið haldið „sérstökum skipulagsannmörkum um langt skeið.“

Enn fremur var í greininni minnst á greiðslur af DNB reikningum og notað orðið „mútufé“ án þess að því hafi verið slegið föstu af dómstólum að slík háttsemi hafi átt sér stað en er viðfangsefni yfirstandandi rannsóknar. Samherji fullyrðir jafnframt að fjárhæð umdeilda greiðslna sem fóru í gegnum bankareikninga hjá DNB sé umtalsvert lægri en greint var frá í greininni og í öðrum fjölmiðlum.

Greinin gefur til kynna að það liggi fyrir að rekstur útgerðarinnar í Namibíu hafi „skilað miklum hagnaði“ en það er ekki stutt neinum gögnum og er því ekki staðfest.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu á Samherji Ísland ehf. 8,78 prósent af útgefnum veiðiheimildum á Íslandi. Í greininni er fullyrt að Samherji fari *einn* með 24,3 prósent útgefnum veiðiheimildum og að efri mörkin séu 12 prósent samkvæmt lögum. Talan 24,3 prósent var ranglega byggð á útreikningi þar sem einnig var tekið tillit til eignarhluta, stjórnarsetu og þess háttar í öðrum fyrirtækjum.

Í greininni er sagt frá því að nokkrir íslenskir blaðamenn hafi verið yfirheyrðir af lögreglu vegna ætlaðra brota gegn friðhelgi einkalífs. Umrædd skýrslutaka yfir þeim tengist hins vegar ekki umfjöllun þessara blaðamanna um ofangreint mál og er því málinu óviðkomandi.

Aftenposten Innsikt biðst afsökunar.

Viðbrögð Samherja við greininni verða birt í síðara hefti Aftenposten Innsikt.